

Kennsluáætlun 2026-2027

8. - 10. bekkur

Námsgrein: Myndmennt

Kennari: Cornelia Spandau

Tímafjöldi á viku: 1 klst. (í lotum)

Markmið:

Sköpun

Að nemandi geti

- valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni.
- greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun.
- sýnt og útskýrt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki sem felur m.a. í sér upplýsingaöflun, tilraunir og samtal.
- skrásett og sett fram hugmyndir á fjölbreyttan hátt byggðar á eigin ímyndunarafli og/eða rannsókn, myndrænt og/eða í texta.

Greining og úrvinnsla

Að nemandi geti

- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið.
- gagnrýnt af þekkingu, sanngirni og virðingu eigin verk og annarra bæði einn og í samvinnu.
- greint hvernig sjónrænt áreiti daglegs lífs hefur áhrif á líf okkar og gildismat, bæði í samfélaginu og á heimsvísu.
- notað orðaforða og hugtök frumpátta og lögmála myndlistar til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati.

Lykilhæfni:

Tjáning og miðlun

Að nemandi geti

- tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran og skipulegan hátt.

Skapandi og gagnrýnin hugsun

Að nemandi geti

- leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt.

Sjálfstæði og samvinna

Að nemandi geti

- nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt.

- sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Innlögn og samræður í upphafi verkefna.
- Sýnikennsla og verklegar æfingar.
- Einstaklings-, para- og hópavinna eftir eðli verkefna.
- Hugmyndavinna, skissugerð, tilraunir og sköpun í tví- og þrívíðu formi.
- Umræður um eigin verk, verk samnemenda og valin listaverk eða myndmál úr umhverfi og samfélagi.
- Leiðsagnarnám

Námsmat:

- Símat (verkefni, hegðun, viðhorf, vinnusemi, ábyrgð á eigin vinnu og frágangi, sjálfstæðni, samvinnaog samskipti, sköpun, umgengni)
- Jafningjamat
- Sjálfsmat

Námsgögn/ Námsefni:

- Efni frá kennara og ýmsum vefsíðum
- Námsbækur og myndverk
- Tæki og áhöld greinarinnar eftir viðfangsefnum hverju sinni: Teikniblýantar, tússlitir, vatnslitir, þekjulistir, trélitir, vaxlitir, pappír, karton, endurnýtanleg efni og fjölbreyttur efniviður o.fl.